

Ferill ökunáms til B-réttinda (almenn ökuréttindi)

Hefja má ökunám við 16 ára aldur.

Upphaf náms



Námsheimild - hjá Sýslumanninum

Fyrsta sem nemandi þarf að gera er að sækja um námsheimild hjá Sýslumanni. [Hér getur þú séð leiðbeiningar um hvernig þú sækir um námsheimild rafrænt.](#)

Nemandinn sækir um námsheimild rafrænt [hér](#) en engu að síður þarf hann að mæta til Sýslumanns með passamynd og hugsanlega læknisvottorð.

Þegar nemandinn hefur sótt um námsheimild og skilað inn passamyndinni stofnast rafræn ökunámsbók á hann í kerfi Sýslumanns.

4.000 kr.



Val á ökukennara

Best er að búið sé að velja ökukennara áður en farið er til Sýslumanns.

Ökukennarar vinna sjálfstætt þannig að nemandi þarf sjálfur að útvega sér ökukennara. [Lista yfir alla ökukennara](#) á landinu má finna á [netokuskolinn.is](#)

Hver ökukennari fyrir sig ákveður sitt tímagjald og það getur verið mismunandi milli ökukennara. Gjald fyrir verklega námið greiðist beint til ökukennara.

Ökuskóli 1 og fyrstu verklegu tímarnir



Ökuskóli 1 - bóklegt nám

Nemandi þarf að klára [Ökuskóla 1](#) áður en hægt er að byrja æfingaakstur. Netökuskólinn býður upp á námskeiðið Ökuskóli 1 á netinu. [Hér](#) getur þú skráð þig á námskeiðið.

Yfirleitt eru Ökuskóli 1 og verklegu tímarnir fram að æfingaakstri teknir samhliða.

13.500 kr.



Verklegir tímar - amk. 1 tími

Samkvæmt reglum þarf að ljúka minnst einum ökutíma áður en fræðilegt ökunám hefst.



Verklegir tímar - amk. 10 tímar samtals

Taka þarf að lágmarki 10 verklega tíma fyrir æfingaakstur. Algengt er að taka 10-14 verklega tíma fyrir æfingaakstur.

Algengt verð 120.000 - 140.000 kr.

Þegar nemandi fær námsheimild frá Sýslumanni er stofnuð **rafræn ökunámsbók** í kerfi Sýslumanns. Athugaðu að bókin stofnast ekki fyrr en nemandinn er búinn að skila inn passamynd til Sýslumanns. Ökunámsbókin er samskipta- og upplýsingabók allra sem koma að ökukennslu nemandans. Í Ökunámsbókina skrifar ökukennarinn þá tíma sem hann kennir nemandanum, í hana eru skráðar staðfestingar fyrir Ökuskóla 1, 2 og 3. Þegar farið er í Ökuskóla 3 eða í próf hjá Frumherja sjá þeir í kerfum sínum hvað búið er að skrá í hana.

Æfingaakstur - sótt um rafrænt hjá Sýslumanninum

Til að komast í æfingaakstur þarf nemandi að vera búinn með Ökuskóla 1 og að lágmarki 10 verklega tíma. Ökukennarinn metur hvenær nemandi er tilbúinn af hefja æfingaakstur.

Þegar nemandi klárar Ökuskóla 1 hjá Netökuskólanum er send rafræn staðfesting á því til Sýslumanns. Einnig fær hann æfingaakstursmerki sem á alltaf að vera aftan á bílnum þegar ekið er með leiðbeinanda í æfingaakstri.

Þegar ökukennari telur að nemandi sé tilbúinn í æfingaakstur staðfestir ökukennarinn það með rafrænum hætti til sýslumanns. Leiðbeinandi getur þá farið á slóðina <https://island.is/okunam> og sótt um að gerast leiðbeinandi fyrir nemandann. Leiðbeinendur mega vera fleiri en einn. Leiðbeinandi þarf að vera amk. 24 ára og hafa haft bílpróf í amk. 5 ár. Það kostar ekkert hjá Sýslumanni að fá æfingaleyfi.

Í æfingaakstri æfir nemandinn sig með því að aka með leiðbeinanda, sem oft er foreldri eða forráðamaður. Rétt er að hafa samband við ökukennarann aftur þegar ca. 3-4 mánuðir eru í 17 ára afmælið.

Ökuskóli 2 og amk. 12 verklegir tímar

Nemandinn hefur yfirleitt samband við ökukennarann þegar ca. 3-4 mánuðir eru í 17 ára afmælið. Þegar líður að þeim tíma eru yfirleitt teknir að minnsta kosti 2 verklegir tíma með ökukennaranum í viðbót, þar sem það þarf að lágmarki 12 ökutíma til að komast í Ökuskóla 3.



Ökuskóli 2 - bóklegt nám

Nemandi þarf að ljúka **Ökuskóla 2** áður en hann fer í Ökuskóla 3. Netökuskólinn býður upp á námskeiðið Ökuskóli 2 á netinu. [Hér](#) getur þú skráð þig á námskeiðið.

13.500 kr.



Verklegir tímar - lágmark 12 tímar samtals

Nemandinn þarf að taka fleiri ökutíma með ökukennara, þannig að hann sé búinn að taka að lágmarki 12 tíma.

Algengt verð 24.000 - 28.000 kr.

Ökuskóli 3

Ökuskóli 3 er verklegt og bóklegt námskeið sem fer fram í ökugerði. Til að komast í Ökuskóla 3 þarf nemandi að vera búinn með Ökuskóla 1 og 2 og að lágmarki 12 verklega tíma. Í Ökuskóla 3 lærir nemandinn m.a. að keyra í aðstæðum þar sem líkt er eftir hálfu, hvernig er að nauðhema og prófar veltibíl. Nemandi skráir sig sjálfur í Ökuskóla 3 á slóðinni www.okuskoli3.is eða á www.okugerdi.is ef hann ætlar að taka námskeiðið á Akureyri.



Ökuskóli 3

Nemandi þarf að mæta í Ökuskóla 3. Námskeiðið tekur um 4 tíma.

46.000 kr.

Skriflegt próf hjá Frumherja og áframhald verklegrar kennslu

Skriflegt próf má taka allt að tveim mánuðum fyrir 17 ára afmælisdaginn. Til að mega taka skriflegt próf þarf nemandi að vera búinn með Ökuskóla 1, 2 og 3 og að lágmarki 12 ökutíma með ökukennaranum. Skriflega prófið er tekið hjá Frumherja. Nemandi skráir sig sjálfur í skriflega prófið á slóðinni <https://frumherji.is/okuprofasvid/>



Skriflegt próf

Skriflega prófið er 30 krossaspurningar þar sem hver spurning hefur þrjá svarliði. Fyrir hverja spurningu getur verið einn, tveir eða þrír svarliðir réttir. Prófið skiptist í A og B hluta. Leyfður villufjöldi í A hluta eru 2 villur og 5 í B hluta.

6.550 kr.



Verklegir tímar - amk. 15 tímar samtals

Að lágmarki þarf að taka 15 ökutíma með ökukennaranum fyrir verklega prófið en algengur tímafjöldi er á bilinu 19 - 25 tímar. Ökukennarinn metur hvenær nemandi er tilbúinn í verklegt próf og hann pantar prófið. Prófið er tekið á bíl ökukennarans.

Algengt verð 36.000 - 42.000 kr.

Verklegt próf hjá Frumherja

Verklegt próf má taka allt að tveim vikum fyrir 17 ára afmælisdaginn. Til að mega taka verklegt próf þarf nemandi að vera búinn með Ökuskóla 1, 2 og 3 og að lágmarki 15 ökutíma hjá verklegum kennara. Verklega prófið er tekið hjá Frumherja. Ökukennari skráir nemandann í verklega prófið.



Verklegt próf

Verklegt próf fer fram í bíl ökukennarans.

Í upphafi prófs er munnlegt próf. Nemandi velur spjald hjá prófdómaranum og á spjaldinu eru fimm spurningar sem snerta bílinn s.s stjórnþæki bílsins, mæla, gaumljós, sæti, spegla, öryggisbúnað, hemla o.fl. Nemandinn þarf að svara amk. þrem spurningum réttum.

Eftir munnlega prófið ekur nemandinn með prófdómara í um hálf tíma og prófdómari metur hæfni nemandans.

17.370 kr.

Bráðabirgðaskírteini

Þegar verklegu prófi er náð fær nemandinn bráðabirgðaskírteini á pappír, frá prófdómaranum, þar sem það tekur 2-3 vikur að útbúa ökuskírteinið sjálft. Bráðabirgðaskírteinið gildir í 3 ár. Nemandinn má ekki byrja að keyra fyrir en hann er orðinn 17 ára, þó að hann hafi staðist verklegt próf áður en hann verður 17 ára.

Akstursmat - Fullnaðarskírteini

Hafi ökumaður haft bráðabirgðaskírteini í amk. 12 mánuði samfelld þar sem hann hefur hvorki fengið punkt vegna umferðalagabrota eða verið sviptur ökuréttindum á þeim tíma, þá getur hann farið í akstursmat hjá ökukennara.

Í aksturmati er ökumaðurinn metinn bæði af sjálfum sér og ökukennara, út frá aksturshæfni, akstursháttum og öryggi í umferðinni. Akstursmatið kannar hvort að mat ökumanns á sjálfum sér sé í samræmi við mat ökukennarans. Ökumaður keyrir í u.þ.b. 45 mínútur með ökukennara. Standist ökumaður akstursmatið staðfestir ökukennarinn það við sýslumann sem endurnýjar þá bráðabirgðaskírteinið yfir í fullnaðarskírteini. Fullnaðarskírteinið gildir í 15 ár í senn.

Formlegu ökunámi er lokið

* Öll verð eru miðuð við 1. júlí 2023